



Yfirlitsmynd



Staðfest aðalskipulag m.s.br. 27.06.2012 Sveitarfélagsuppráttur Mkv. 1:100.000



Breyting, 29. apríl 2014. Mkv. 1:100.000

## Breyting á Aðalskipulagi Norðurlings 2010-2030 vegna efnisnámu við Grjótháls.

### Forsendur

Landsvirkjun vinnur að lagningu Reykjaheiðarveggar (þeistareykjavegar) en lagning vegarins hófst sumarið 2011 og er áætlað að framkvæmdum ljúki haustið 2015. Fyrirhugað er að opna nýja burðarlagsnámu vegna lagningar vegarins. Í ljós hefur komið að efni úr námu RHN-10/11 sem fyrirhugað var að nýta í burðarlag er ekki nógu sterkt samkvæmt kröfum um burðarlag vegarins. Því virtist að sækja þyrfti efnið um langan veg í námu við Kvíhólafjöll. Mögulegt nýtt efnistökusvæði við Grjótháls kom hinsvegar í ljós við lagningu Reykjaheiðarveggar árið 2013, þegar gerð var skering í holt sem nýi vegurinn liggur um við stöð 6.450. Náman er mun betur staðsett en náma við Kvíhóla. Flutningsvegalengdir eru styttri auk þess sem framkvæmdir við stöðvarhljóði mun hindra aðgengi að námunni við Kvíhóla.

Fyrirhugað er að nota efni úr námunni í burðarlag á nýja veginum frá stöð 0-22.100 og er efnisþörf vegna framkvæmdarinnar 34.000 m<sup>3</sup>. Mögulega þarf að nýta efni úr Kvíhólánámu í efra hluta burðarlagsins sem er um 8.000 m<sup>3</sup> en neðri hluti burðarlagsins komi úr nýrri námu við Grjótháls, um 26.000 m<sup>3</sup>. Komi í ljós að hægt sé að nýta efni úr nýju námunni í efri hluta burðarlagsins, í stað þess að sækja það í Kvíhólánámu, verður það gert. Magnið úr námunni mun þá aukast í 34.000 m<sup>3</sup>. Flatarmál námunnar er í samræmi við það efnismagn eða tæplega 14.000 m<sup>2</sup>.

Til að vinna efni úr námunni er fyrirhugað að útvíkka og dýpka skeringuna sem er nú þegar hluti af framkvæmdinni við Reykjaheiðarveg. Svæðið er innan fjarsvæðis vatnsbóls Húsavíkur og lendir í 2. verndargildisflokki skv. flokkun Vegagerðarinnar. Efnistakan er ekki líkleg til að hafa áhrif á fjarsvæði vatnsbólsins.

Sveitarfélagið Norðurling telur að breyting á gildandi skipulagi sé óveruleg og rökstyður þá málsmeðferð með því að breytingin hafi óverulega breytingu á landnotkun í för með sér og sé ekki líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stórt svæði. Efnistakan fer fram í skeringu í vegkanti fast við Reykjaheiðarveg, í jaðri svæðis sem er framkvæmdasvæði við lagningu vegarins og er ekki líkleg til að hafa umtalsverð áhrif umfram þau áhrif sem veglagningin hefur nú þegar. Áformað er að efnisvinnsla úr námunni hefjist í byrjun sumars 2014.

### Tillaga að breytingu

Lagt er til að gerðar verði neðangreindar breytingar á Aðalskipulagi Norðurlings 2010-2030:

- 1. Breytingar á sveitarfélagsupprætti og 23. kafla skipulagsgreinargerðar um skipulag dreifbýlis:
a. Við töflu í kafla 23.14 um efnistökusvæði bætist eftirfarandi, sem viðbót við upptalningu á efnistökusvæðum sem fyrirhugað er að nýta við gerð virkunarveggar og háspennulína frá Þeistareykjavirkjun:

Nr.	Nr. Vegag.	Staður	Skipulagsákvæði
E38	RHN-1c	Grjótháls	14.000 m <sup>2</sup> / 34.000 m <sup>3</sup>

- b. Sveitarfélagsupprætti er breytt þannig að tákni fyrir efnistökusvæði auðkennt með E38 er fært inn við Reykjaheiðarveg við Grjótháls.

### Umhverfismat áætlana

Landsvirkjun sendi Skipulagsstofnun kynningu á breytingu á matsskyldri framkvæmd þar sem burðarlagssefni yrði tekið úr nýrri námu E38/RHN-1c. Stofnunin birti álit sitt dags 3. apríl 2014 um að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, þar sem hún sé ekki talin líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin komst að þeirri niðurstöðu að áhrif af nýrri efnisnámu yrðu óveruleg miðað út frá eftirfarandi forsendum: Til að neikvæð áhrif efnistökkunnar verði sem minnst verður náman aðlöguð að landi eins vel og hægt er. Reynt verður að raska óröskuðu landi sem minnst og gróðursvæði sem raskast endurheimt sem kostur er. Landslagi á efnistökusvæðinu hefur þegar verið raskað, jarðmyndanir og gróðurlendi sem raskast eru algengar njóta ekki sérstakrar verndar. Umfang efnistökkunnar er lítið og það er við þegar raskað svæði. Þéttleiki fuglalífs á svæðinu er lítil og líklegt að áhrif efnistökkunnar á fuglalíf verði óveruleg.

Í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er hér sett fram umhverfisskýrsla sem gerir grein fyrir mati á áhrifum breytingarinnar. Skýrslan er byggð upp eftir liðum a – j í 6 gr. laganna þar sem kemur fram hvað skuli koma fram í umhverfisskýrslu.

### Tengsl við aðra áætlunargerð (a-liður)

Skipulagsverkefnið er ekki talið varða aðrar áætlanir.

### Umhverfisvandamál sem varða áætlunina (d-liður)

Efnisnáman verður fast við Reykjaheiðarveg á svæði sem er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar. Ekki er talið að efnisnámið geti haft áhrif á vatnsgæði eða vatnafar.

### Umhverfisverndarmarkmið (e-liður)

Breytingin varðar einkum eftirfarandi markmið í Aðalskipulagi Norðurlings 2010-2030 og er í samræmi við það: Efnistaka- og vinnsla valdi lágmarks neikvæðum áhrifum á náttúru, landslag, minjar, og útivistarsvæði. Efnisnámur skulu skynsamlega nýttar í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar (sbr. bls. 54 í kafla 20.4 Jarðefni).

Þar sem áhrif efnistökkunnar á umhverfið eru talin verða óveruleg er ekki talin ástæða til að rýna umhverfisverndarmarkmið í öðrum áætlunum sem gætu varðað aðalskipulag í Norðurlingi.

### Umhverfisþættir sem varða breytinguna (b- og c-liður) og mat á líklegum umhverfisáhrifum (f- og h-liður)

Í matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar voru skilgreindir þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim. Þeir umhverfisþættir sem efnistakan getur haft áhrif á eru landslag, jarðmyndanir, gróðurfar og fuglar.

Til að neikvæð áhrif efnistökkunnar verði sem minnst verður náman aðlöguð að landi eins vel og hægt er að efnistöku lokinni. Reynt verður að raska ósnertu landi sem minnst og gróðursvæði sem raskast endurheimt. Landslaginu hefur þegar verið raskað með lagningu Reykjaheiðarveggar í gegnum holtið sem náman verður í. Með efnistöku verður holtið raskað meira. Þar sem efnistökusvæðið er fast við veginn verður það áberandi frá veginum á meðan á efnistöku stendur. Í matsskýrslu fyrir Þeistareykjavirkjun var grunnástand landslagsins metið og áhrif vegarins á landslagið metin nokkuð neikvæð. Efnistaka úr nýrri námu fast við veginn er ekki talin líkleg til að breyta þeirri niðurstöðu.

Þær jarðmyndanir sem verða fyrir áhrifum vegna efnistökkunnar eru algengar og njóta ekki verndar. Svæðið telst ekki sérstakt eða markvert með tilliti til jarðmyndana og auðvelt að móta námu á þann hátt að vel falli að landi. Telja má að áhrif námunnar á jarðmyndanir verði óveruleg.

Fyrirhugað námusvæði er á lítt grónum mel en umhverfis melinn eru lyngmóar. Gróðurlendið sem efnistakan raskar er algengt og hefur ekki verndargildi. Að framkvæmdum loknum verður haft samráð við Umhverfisstofnun og landeigendur um uppgræðslu á svæðinu þar sem við á. Í matsskýrslu fyrir Þeistareykjavirkjun var lagning vegarins talin hafa nokkuð neikvæð áhrif á gróður. Efnistaka úr nýrri námu fast við veginn er ekki talin líkleg til að breyta þeirri niðurstöðu. Umfang efnistökkunnar er lítið, þéttleiki fuglalífs á svæðinu er lítil og telja má að áhrif námunnar á fuglalíf verði óveruleg.

Annar kostur fyrir efnistöku er að nýta efni úr Kvíhólánámu en með því að staðsetja námu fyrir burðarlag Reykjaheiðarveggar nær Húsavík, má stytta flutningsvegalengdir og akstur, minnka slyshættu á framkvæmdasvæði í vegkanti og draga úr neikvæðum áhrifum umferðar. Sá kostur að nýta efni úr námu í skeringu við veginn er augljóslega mun ódýrari kostur og hefur óveruleg áhrif á umhverfið, umfram þau áhrif sem veglagningin mun hafa.

### Mótvægisáðgerðir og vöktun (g- og i-liður)

Þar sem áhrif af breytingunni eru ekki talin verða veruleg er hvorki talin þörf á mótvægisáðgerðum né vöktun.

Aðalskipulagsbreyting þess, sem hefur hlotið málsmeðferð sem óveruleg breyting á gildandi aðalskipulagi

skv. 36. gr skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í

bæjarstjórn Norðurlings þann 29. apríl 2014

*Björgur Elías Ágústsson*

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 36. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 þann 23. maí 2014

*Abdís Haldrup Þor* *Allyson Ingi Þorsson*

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og Landmælingar Íslands  
Hnitakerfi: Lambert  
Hnattstaða: ISN93  
Sýndar eru 20 m hæðarlínur

Blaðstærð A2  
Dags: 7.5.2014  
Verknúmer:1021

